

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	05.03.21
Málalykill	10.0
Mál nr.	2103138

Bæjarstjórn og Bæjarstjóri Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ 2. mars 2021

Hvað vantar í hverfið þitt? Spyr sá sem ekki veit.

Eftir að Álfanesvegi var lokað hefir mér oft verið hugsað til ykkar í bæjarstjórn og það ekki hlýlega, er ég ek niður Engidalinn en verð að fara um Hafnarfjörð til að komast til míns heima.


Í 20 ár hefi ég sem Garðbæingur mátt aka umræddan veg heim og heiman, en þá var lokað á Lýðræðið og veginum lokað. Mótmælalisti 89 íbúa Hleinanna var hunsaður. Hvar var Lýðræðið þá?

Nú látið þið ljós ykkar skína inn á öll heimili og biðjið um hugmyndir að betri bæ. Þið eigið hrós skilið fyrir að hafa fundið Lýðræðið aftur og vonandi verður það notað í þágu okkar eldra fólksins líka. Allt sem verður á óskalistunum kostar mikið fé, en að opna umræddan vegarkafli kostar ekki krónu en myndi gleðja þá sem þar ættu leið um. Telst þessi atлага að okkur ekki vera einelti ef grant er skoðað?

Gæti ekki verið gott útspil hjá bæjarstjórn Garðabæjar að semja við bæjarstjórn Hafnarfjarðar um makaskipti svo að þið losnið við okkur gamlingjana og við fengjum að kynnast því hvernig Lýðræðið virkar þar og hvaða augum þau líta á gamla fólkið.

Lýðræðið lifir.

Baráttukveðja,


Gunnar H. Jónsson
Naustahleini 8
210 Garðabæ

